

Fundur 20.október 2004

Ár 2004 þann 20.október kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar auk hjúkrunarforstjóra og sveitarstjóra er reit fundargerð. Fundurinn hófst kl. 16:30 og var haldinn í Barmahlíð.

1) Sveitarstjóri renndi yfir fundargerð síðasta fundar sem haldinn var 7.apríl 2004.

2) Starfsmannamál, stöðugildi, afleysingar hjúkrunarforstjóra o.fl. Rætt um stöðugildi og hjúkrunarforstjóra falið að kanna hjá ráðuneyti hvort opinberar reglur séu fyrir hendi um fjölda stöðugilda miðað við fjölda hjúkrunarrýma. Fyrir liggja útreikningar um að núverandi hjúkrunarforstjóri eigi inni talsvert frí. Samkvæmt útreikningum hrepps skrifstofu er um að ræða bakvaktafrí vegna 53 vakta, vaktir vegna manneklu 38,5 dagar og ótekið sumarleyfi 19 dagar. Samtals 110,5 dagar. Væntanlegur staðgengill er Arndís Hauksdóttir hjúkrunarfræðingur og guðfræðingur. Rætt um möguleika á að hafa tvo hjúkrunarfræðinga starfandi í Barmahlíð framvegis. Vísað til hreppsnefndar og gerðar fjárhagsáætlunar.

3) Kostnaður við mótuneyti. Lagðar fram tölur úr bókhaldi fyrir árin 2003 og 2004 sem sýna matarkaup mótuneytis Reykhólaskóla og mótuneytis Barmahlíðar. Matarkaup Barmahlíðar virðast vera helmingi hærri en matarkaup skólans, enda mótuneytið annars konar og matur fyrir Barmahlíð keyptur í heimabyggð. Stjórnin gerir ekki athugasemdir.

4) Fjárveiting til hjúkrunarheimila í fjárlagafrumvarpi 2005. Lögð voru fram gögn úr frumvarpi sem sýna að fjárveiting 2005 hækkar um 9,2% frá fjárlögum 2004. Samþykkt var eftirfarandi ályktun sem send verði heilbrigðisráðherra:

Stjórn Barmahlíðar lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ekki er gert ráð fyrir fjölgun hjúkrunarrýma í Barmahlíð í fjárlagafrumvarpi 2005. Á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð á Reykhólum er húsnæði fyrir hendi og einnig fólk á biðlista.

Vísað er til heimsóknar heilbrigðisráðherra og formanns fjárlaganefndar til Barmahlíðar 22. apríl sl., heimsóknar embættismanna úr heilbrigðisráðuneyti á nýliðnu sumri og til erindis frá Reykhólahreppi sem nú liggur fyrir fjárlaganefnd um fjölgun hjúkrunarrýma í Barmahlíð.

Fyrir liggur að hægt er að fjölga hjúkrunarrýmum um 6 án mikils tilkostnaðar og dvalarrýmum um 6-9 og gæti þá meira en 20 ára gamall draumur ræst um að Barmahlíðarbyggingin yrði loksins fullnýtt fyrir þá starfsemi sem hún er ætluð. Fjölgun rýma myndi styrkja rekstrargrundvöll heimilisins og jafnframt fjölga störfum í hreppnum. Minna má á það stefnumál núverandi ríkisstjórnar að treysta búsetu á landsbyggðinni, en fjölgun rýma í Barmahlíð eykur atvinnu í Reykhólahreppi.

5) Rekstrarkostnaður Barmahlíðar 2003, samantekt unnin af Eygló Kristjánsdóttur. Lögð fram til kynningar.

6) Athugasemdir Vinnueftirlits dags. 12. maí 2004. Farið var yfir athugasemdirnar og sveitarstjóra falið að tilkynna Vinnueftirlitinu um úrbótaáætlun.

7) Önnur mál:

Dagvistun. Hjúkrunarforstjóri greindi frá áhuga sínum á að ein hjón í hreppnum verði tekin í dagvistun. Sækja þarf um leyfi til ráðuneytisins og gætu hlutaðeigandi búið í leiguíbúð í Barmahlíðarbyggingunni. Hjúkrunarforstjóra falið að ganga frá umsókninni.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:40.

Egill Sigurgeirsson (sign)
Valgerður Baldursdóttir (sign)
Björk Bárðardóttir (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)
Gústaf Jökull Ólafsson (sign)